



Reykjavík, 21. janúar 2020
SFS2019110081
178. fundur
HG/sv/ah

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi aðsókn reykvískra barna í Arnarskóla

Á 174. fundi skóla- og frístundaráðs, 12. nóvember 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um aðsókn reykvískra barna í Arnarskóla. Reykjavíkurborg hefur gert samning við Arnarskóla um að greitt sé fyrir fjögur börn. Hafa fleiri börn en þau sem samþykki er fyrir verið að sækjast eftir þjónustu Arnarskóla?

Svar:

Af hálfu skóla- og frístundasviðs hefur verið samþykkt að greiða framlag vegna námsvistar fjögurra reykvískra nemenda í Arnarskóla skólaárið 2019-2020, en umsóknir um skólavist bárust skóla- og frístundasviði á síðastliðnu skólaári og innan þess frests sem miðað er við í samþykktu verklagi, þ.e. fyrir 1. mars 2019. Ákvörðun um framlag er byggt á samþykkt borgarráðs frá 18. júlí 2019 en þar var heimilað að greiða framlag og gera samning við Arnarskóla vegna umsókna foreldra fjögurra nemenda.

Foreldrar tveggja barna til viðbótar sóttu um í Arnarskóla fyrir börn sín vegna skólaársins 2019 til 2020. Umsóknir bárust eftir að umsóknarfresti lauk.

Ekki var gert ráð fyrir fjórframlagi vegna skólavistar í Arnarskóla umfram það sem þegar hafði verið samþykkt, sbr. 1. og 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.